

AUGLÝSING

um takmörkun á bifreiðastöðum í miðbæ Hafnarfjarðar.

Samkvæmt heimild í a-lið 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Við Strandgötu í Hafnarfirði á kaflanum frá Lækjargötu að Reykjavíkurvegi, svo og í Gunnarssundi neðan Austurgötu, er einungis heimilt að leggja bifreiðum eina klukkustund í senn frá kl. 9:00 árdegis til kl. 17:00 síðdegis mánudaga til föstudaga, nema almennur frídagur sé.

Bann þetta tekur gildi þegar auglýsing þessi hefur birst í Stjórnartíðinum og viðeigandi merki skv. 5. gr. reglugerðar nr. 414 frá 1978 sbr. reglugerð nr. 115/1988 hafa verið sett upp.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 8. desember 1988.

Már Pétursson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 332 16. ágúst 1976 um gatnagerðargjöld í Hólmavíkurbreppi.

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Gatnagerðargjald samkv. 6. gr. greiðist þannig að 20% greiðast þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með skuldabréfi með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjaldldagi afborgana er 1. júlí. Vextir og verðtrygging skulu vera í samræmi við kjör Bygðastofnunar á lánum er hún veitir til varanlegrar gatnagerðar.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10% eftir ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Heimilt er hreppsnefnd að fresta innheimtu gatnagerðargjalda af eigendum fasteigna sem náð hafa 67 ára aldri og þeim er eiga við sjúkdóm að stríða. Skilyrði fyrir frestun álagningar er, að gjaldinu verði þinglýst sem kvöð á viðkomandi eign og falli til álagningar í samræmi við þágildandi gjaldskrá, ef eigendaskipti verða eða aðstæður breytast á annan þann hátt, þannig að forsendur frestunarinnar brestu.

4. gr.

12. gr. orðist svo:

Gatnagerðargjald má taka lögtaki í viðkomandi fasteign, og er það tryggt með lögveði í fasteigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.